

Kennsluaðferðir og skipulag:

Íslenskukennslan er heildstæð og stuðst er við hugmyndafræði Orð af orði og Byrjendalæsis. Kennslan er að hluta samþætt við aðrar námsgreinar, aðallega náttúru- og samfélagsgreinar og upplýsingamennt. Lögð er áhersla á að kunnátta í málfræði og stafsetningu nýtist við ritun.

Lestur er mikilvægur og yndislestur er hluti af skóladeginum. Nemendur þjálfu upplestur og lesskilning.

Skipulagið gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni og því er lögð áhersla á hópavinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Námstögn:

Bókaflokkurinn *Orðspor* 1-3. Unnið er með bókmenntatexta, fræðitexta og ljóð. *Flökkuskinna, Söguskinna og Töfraskinna - bókmenntir fyrir miðstig*. Yndislestrarbækur, hljóðbækur eftir þörfum. *Fyrsti, Annar og Þriðji Smellur - æfingabækur í læsi og lesskilningi. Fjölbreytt verkefni sem þjálfar málfræði og stafsetningu.*

Námsmat:

Fylgst er reglulega með framförum í lestri. Nemendur taka prófið *Lesfimi* þrisvar sinnum á vetri og lesskilningur er mældur með *Orðarún*. Símat á vinnubrögðum, virkni og verkefnum. Kannanir úr lesnum bókmenntum og einstökum efnispáttum.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 5.-7. bekkur
Talað mál, hlustun og áhorf	<p><i>Að nemandi geti...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteis

Lestur og bókmenntir	<p><i>Að nemandi geti...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað • notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta • greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta • lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann • lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum • greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap • beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap • aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga • lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
Ritun	<p><i>Að nemandi geti...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur • valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni • samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa • beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar • lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun • skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda • skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu
Málfræði	<p><i>Að nemandi geti...</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það • notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun

	<ul style="list-style-type: none"> • nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál • áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra • notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta • beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins • beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað • nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta • gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu
--	--

Námsgrein: Stærðfræði

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í stærðfræði er beitt beinni kennslu, sýnikennslu, einstaklingsvinnu og samvinnunámi. Nemendur vinna eftir einstaklingsmiðuðum áætlunum sem þeir taka þátt í að vinna.

Námsgögn:

Til grundvallar er bókaflokkurinn *Stika*. Viðbótarverkefni eftir þörfum hvers og eins. Hópverkefni.

Námsmat:

Áfangapróf í lok hvers kafla.

Stutt verkefni/próf munnleg, skrifleg eða rafræn, tengd ákveðnum hæfniviðmiðum.

Vinna metin jafnt og þétt.

Próf á annaskilum.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið – Stika 1	Hæfniviðmið/markmið – Stika 2	Hæfniviðmið/markmið – Stika 3
Fléttað inn í öll viðfangsefni	<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> -tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína og beitt ígrundun og rökstuðningi -geti tjáð sig munnlega og skriflega um viðfangsefni stærðfræðinnar -geti sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan máta og beitt skapandi hugsun -geti útskýrt fyrir öðrum og fylgst með útskýringum annarra 	<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> -tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína og beitt ígrundun og rökstuðningi -geti tjáð sig munnlega og skriflega um viðfangsefni stærðfræðinnar -geti sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan máta og beitt skapandi hugsun -geti útskýrt fyrir öðrum og fylgst með útskýringum annarra 	<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> -tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína og beitt ígrundun og rökstuðningi -geti tjáð sig munnlega og skriflega um viðfangsefni stærðfræðinnar -geti sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan máta og beitt skapandi hugsun -geti útskýrt fyrir öðrum og fylgst með útskýringum annarra
Tölur og reikningur	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -kunni skil á sætiskerfi heilla talna og brota, á negatífum tölum og pósitífum og geti staðsett tölur á talnalínu. -kunni að beita samlagningu og frádrætti fjögurra stafa talna og beitt þeim við daglegar aðstæður. -Geti námundað og beitt slumpreikningi -þekki tengsl margföldunar og deilingar og hvernig þessar aðferðir tengjast endurtekningu í samlagningu og frádrætti. -þekki mismunandi aðferðir við að beita margföldun og deilingu. 	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti reiknað með náttúrulegum tölum, þróað lausnaleyðir og skráð svör með tugakerfisrithætti -þrói með sér hentugar aðferðir við samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu -geti leyst viðfangsefni úr daglegu lífi og beitt bæði nákvæmni og slumpreikningi -geti beitt reikniaðferðum við pósitífar og negatífar tölur -geti tjáð stærðir og hlutföll og beitt einföldum hlutfallareikningi 	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti notað tugkerfisrithátt og sýnt að þeir skilji sætiskerfi -geti beitt samlagningu og frádrætti á stórar og litlar tölur bæði pósitífar og negatífar Að nemendur -geti notað prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum -geti beitt námundun og slumpreikningi -geti beitt samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu með ræðum tölum -geti nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna

Tölfræði og líkindi	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti gert kannanir sem byggja á spurningum og talningu, flokkað upplýsingar og lýst niðurstöðum gagna með myndritum, - þekki miðgildi og tíðasta gildi. -geti notað stafræn hjálpartæki við tölfræðilegar kannanir. - geti kannað, lýst og alhæft um einföld talnamynstur -þjálfist í rökhugsun -þjálfist í rannsóknarvinnubrögðum. 	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> - geti tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur -geti gert einfaldar tilraunir með líkur og dregið ályktanir út frá þeim -geti reiknað líkur í einföldum tilvikum 	<p>Að nemendur :</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti framkvæmt einfaldar tölfræðilegar rannsóknir, unnið með niðurstöður og lesið úr mismunandi myndritum. -safnað gögnum og miðlað upplýsingum með mismunandi myndritum -þekki hugtökin tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal og geti unnið með þau -geti reiknað einfaldar líkur og dregið ályktanir af þeim út frá tilraunum og í daglegu lífi
Tugabrot	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> - þekki stöðu tíundu og hundraðshluta í sætiskerfinu og geti staðsett á talnalínu - Geti beitt samlagningu og frádrætti í tugabrotum með mismunandi leiðum. 	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman eftir stærð -geti reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum -geti notað tugabrot og beitt við þau helstu reikniaðgerðum -geti notað tugkerfisrithátt og sýnt að þeir skilji sætiskerfi. 	

<p>Rúmfræði og mælingar</p>	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -þekki helstu þríhyrninga og ferhyrninga og eiginleika þeirra (s.s. hornasummu, horn og lengdir). -geti hliðrað, speglað og snúið myndum í fleti. -þekki helstu horn (45°, 90° og 180°), hugtökin hvasst, gleitt og rétt horn og geti mælt stærð horna með gráðuboga. -þekki helstu mælieiningar í tengslum við lengd, flatarmál og ummál og geri sér grein fyrir hvaða mælieining hentar hverju sinni. -þekki tengsl milli lengdar breiddar og flatarmáls rétthyrninga -kunni að reikna flatarmál þríhyrninga -þekki hugtökin hliðrun, speglun og snúning og kunni að beita þeim aðgerðum. 	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti notað hugtök úr rúmfræði, gert líkön og skýringamyndir -þekki tvívíð og þrívíð form og eiginleika þeirra -geti unnið með mælikvarða -þekki og geti beitt mælieiningum metrakerfisins við lengdar- þyngdar- og rúmmálmælingar 	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti áætlað og mælt horn og reiknað stærð þeirra -þekki hugtökin grannhorn og topphorn og eiginleika þeirra -þekki undirstöðuhugtök rúmfræðinnar og eiginleika þeirra og geti unnið með þau (miðja hrings, geisli, þvermál, ummál, geiri, samsíðalínur, hliðarlengd, einslaga myndir, mælikvarði) -þekki undirstöðuhugtök í rúmfræði (ummál, flatarmál, yfirborðsflatarmál, rúmmál) og geti unnið með þau -geti áætlað og mælt tíma, vegalengdir og hraða og unnið með þau.
-----------------------------	---	---	--

Almenn brot	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti fundið hluta út frá þekktri heild -þekki hugtökin teljari, nefnari og almennt brot -kunni að tákna almenn brot með ýmsum hætti og bera saman stærð þeirra -geti beitt smalagningu og frádrætti við almenn brot -geti lýst tengslum tíundahluta í almennum brotum og tugabrotum -kynnist tengslum almennra brota og prósentu. 	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman eftir stærð -geti reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum -geti notað almenn brot og beitt við þau samlagningu, frádrætti og margföldun -geti stýtt og lengt almenn brot 	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti unnið með almenn brot, sem hluta af heild og hluta af safni -geti beitt samlagningu, frádrætti og margföldun á almenn brot -geti notað almenn brot og prósentur við útreikninga og þekki tengslin þar á milli
Margföldun og deiling	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Nái tókum á hefðbundinni reikningsaðferð í margföldun tveggja stafa talna -Þrói með sér þá aðferð við margföldun og deilingu sem þeim hentar -Geri sér grein fyrir að víxlregla gildir í margföldun Geti skipt margföldunardæmum upp í auðveldar einingar -geri sér grein fyrir tengslum margföldunar og deilingar -læri að nota margföldun í töflureikni. 	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -kynnist skriflegum reikniaðferðum í margföldun og deilingu og þrói með sér lausnaleiðir sem byggja á eigin skilningi -leysi viðfangsefni sprottin úr daglegu lífi með hugarreikningi, skriflegum útreikningum og vasareikni -skilji uppbyggingu margföldunartöflu og tileinki sér vinnu með hana 	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti beitt margföldun og deilingu með ræðum tölum (tugabrot) -geti tjáð stærðir og hlutföll -læri að beita svigum við útreikninga

Kennsluaðferðir og skipulag:

5.-6. bekkur: Unnið er út frá markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla, með fjölbreytilegum verkefnum sem tengjast hlustun, skilningi, samskiptum og frásögn. Kröfur um ritun texta og þekkingu á málfræði aukast jafnt og þétt. Nemendur vinna sjálfstætt, í þörum eða litlum hópum.

7. bekkur: Í kennslunni er reynt að nota margskonar kennsluaðferðir sem saman stuðla að því að nemendur öðlist færni í að nota tungumálið á fjölbreytilegan máta. Ýmist er unnið markvisst í kennslubókum, farið í leiki sem reyna á samskiptahæfni, athyglisgáfu og hlustun og unnin ýmiskonar verkefni í hópum eða einstaklingslega. Í lok hvernar annar er ýmist próf eða verkefnaskil. Við beitung samræðum á ensku í öllum tímum, þar sem einungis má tala ensku, og þannig fá allir æfingu og sjálfsöryggi við að tjá sig. Námið er einstaklingsmiðað og nemendur hvattir áfram í námsframvindu.

Námögögn:

5.-6. bekkur: Bókaflokkurinn *Portfolio- Build up 1, þemahefti*, léttlestrarbækur og ýmis verkefni er taka mið af þörfum og stöðu nemenda. Auk þess er eftir atvikum unnið með bækurnar Hickory, Dickory, Dock, frjálslestrarbækur og ýmis önnur verkefni.

7. bekkur: Unnið verður í bókinni Action og Build up 2 notuð sem aukabók. Einnig verður unnið í aukabókum s.s. Hickory, Dickory, Dock og málfræðiæfingar A, B og C í vetur, ásamt verkefnum frá kennara og verkefnum tengdum áhugasviði hvers og eins.

Námsmat:

Umsagnir á annarskilum sem byggja á áhuga, virkni, framförum og vinnubrögðum nemanda.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Hlustun	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti. -Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. -Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> -Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra. -Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. -Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.
Samskipti	<ul style="list-style-type: none"> -Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. -Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum. -Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.
Frásögn og ritun	<ul style="list-style-type: none"> -Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum. -Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv. -Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. -Skrið texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda. -Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. -Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv. -Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

Námsgrein: Danska/norska

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í kennslunni er reynt að nota margskonar kennsluaðferðir sem saman stuðla að því að nemendur öðlist færni í að nota tungumálið á fjölbreytilegan máta. Ýmist er unnið markvisst í kennslubókum, farið í leiki sem reyna á samskiptahæfni, athyglisgáfu og hlustun og unnin ýmiskonar verkefni í hópum eða einstaklingslega. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir veturinn.

Námsgögn:

Danska: Start lesbók, verkefnabók og hljóðefni.

Danska/norska: Málfræðiverkefni tekin saman af kennara, orðabækur, léttlestrarbækur og önnur verkefni frá kennara.

Einnig verður unnið með kvikmyndir með dönskum/norskum texta og tali, verkefni af vef og verkefni sprottin af áhuga hvers og eins.

Námsmat:

Lagt er mat á verkefnaskil og vinnubrögð og ástundun. Einnig verða lögð fyrir stutt verkefni/próf munnleg, skrifleg eða rafræn, tengd ákveðnum hæfniviðmiðum.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Hlustun	Að nemendur: -geti skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um afmarkað efni tengt daglegu lífi og viðfangsefnum námsins.
Lesskilningur	-hafi tileinkað sér orðaforða tengdan afmörkuðum viðfangsefnum (s.s. heilsa kveðja og gefa lágmarksupplýsingar um sjálfan sig, heiti líkamshluta, fatnaðar og lita, dagar, árstíðir, heimili og fjölskyldu.) -geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við þeim með orðum eða athöfnum.
Samskipti	-geti lesið, skilið og rætt um léttan texta -geti unnið saman að úrlausn verkefna
Frásögn og ritun	-geti sagt frá á einfaldan máta, jafnt í töluðu sem rituðu máli -geti notað orðabók (rafræna og/eða í bókarformi) til aðstoðar í verkefnum -tileinki sér réttan framburð

Námsgrein: Náttúru- og samfélagsgreinar

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

-Náttúrugreinar: náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

-Samfélagsgreinar: samfélagsfræði, saga, landafræði, trúarbragðafræði og lífsleikni.

Þessar námsgreinar eru kenndar í lotum og að hluta samþættaðar við íslensku og stærðfræði. Kennslan er mikið byggð á samvinnu nemenda og í hópavinnu. Unnið er með ákveðið þema hverju sinni m.a. landið okkar, árstíðir og tímatal.

Í vetur höldum við áfram með innleiðingu uppeldisstefnunnar Jákvæður agi (JA) og því er mikil áhersla á lífsleikni og verkefni sem JA kallar á.

Námsgögn :

Ísland – Hér búum við, Auðvitað – Heimilið, Líf á landi, Miðaldafólk á ferð, Merkir sögustaðir – Hólar, Bækur um helstu trúarbrögð heimsins.

Námsmat:

Verkefni, þátttaka og vinnuframlag nemenda metið af kennara.

Próf úr köflunum / efnisþáttum:– svindlpróf – samvinnupróf og einstaklingspróf svo dæmi séu tekin.

Símat kennara, jafningjamat og sjálfsmat.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Lífsleikni	Að nemendur <ul style="list-style-type: none">• geti tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,• geri sér grein fyrir hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti• geri sér grein fyrir mikilvægi jákvæðrar hegðunar og samskipta• öðlist styrk í að segja frá og bregðast rétt við misbeitingu og neikvæðu áreiti í samskiptum• átti sig á líkamlegum, andlegum, tilfinningalegum og félagslegum breytingum sem verða í lífi einstaklings við það að breytast úr barni í ungling• geti sett sameiginlegar leikreglur með öðrum í tengslum við ýmis viðfangsefni og séu meðvitaðir um gildi mannréttinda og jafnréttis• geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum, skoðunum, tilfinningum og væntingum gagnvart öðrum
Náttúrufræði	Að nemendur geti <ul style="list-style-type: none">• notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.• lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður• áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á búsetu og lífsskilyrði• lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi• útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist• útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð

	<ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum þeirra til verndar • fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta • gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti • geti gert grein fyrir notkun manna á auðlindum • geti dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs
Samfélagsfræði	<p>Að nemendur geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og sýnt ábyrgð í samskiptum • tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt. • borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta • sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum • rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu • lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi • gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar • tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
Trúarbragðafræði	<p>Að nemendur geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims • borið saman valin trúar- og lífsviðhorf • nefnt dæmi um áhrif helgiritra helstu trúarbragða á menningu og samfélög • borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum • lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks • rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs

Kennsluaðferðir og skipulag:

Upplýsingamennt er samtvinnuð öllum námsgreinum en auk þess er unnið með sérhæfðari verkefni í einstökum kennslustundum. Þar verður m.a lögð áhersla á fingrasetningu og forritun.

Bent er á þjálfunaræfingar fyrir fingrasetningu á vef Menntamálastofnunar: <https://mms.is/krakkavefir> Fingrafimi og Fingraleikir.

Námsmat:

Námsmat stöðugt í gangi og einnig er metin notkun upplýsingamenntar í öðrum námsgreinum.

Hæfniviðmið/markmið

Nemandi geti:

- Nýtt upplýsingaver/bókasafn sér til gagns og/eða ánægju bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi.
- Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu
- Verið gagnrýninn á gæði upplýsinga
- Unnið með heimildir (7. bekkur vinnur með heimildaskráningu)
- Nýtt hugbúnað/forrit við uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða og við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu.
- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.
- Sýnt ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðilegt gildi í samskiptum á Neti
- Tekið ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.
- Skilið grundvallaratriði sem liggja að baki forritun og notað einfaldar leiðir til að skrifa kóða.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennd er ein 60 mín. kennslustund á viku allan veturinn.

Lögð inn ákveðin verkefni sem nemendur hafa svigrúm til að útfæra sjálfir innan vissra marka.

Námsmat:

Nemendur fá einkunn fyrir frumleika og sköpun, útfærslu á eigin verkum, vinnubrögð og vinnusemi auk þess sem hvert verk er metið þegar það er tilbúið.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið
Hugmyndavinna.	Töluvert lagt upp úr því að nemendur velji sér verkefni eftir áhuga, stundum innan ákveðinna marka. Áhersla á sköpun og nemendur hanni og útfæri verkefni sín sjálfir, að hluta eða öllu leyti. Samhliða kennd og þjálfuð notkun áhalda, tækja og efna sem notuð eru við verkefnin. Farið verður í bókina: Listasaga frá hellalist til 1900. Listavefurinn verður skoðaður.	Að nemendur: -geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun -unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. -geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar. -geti gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnum myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð í.
Skapandi vinnuferli.		
Hönnun, sköpun og persónuleg útfærsla.		
Meðferð áhalda, tækja og efna.		
Meðferð lita		
Unnið með mismunandi efnivið.		

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í útikennslu munum við samþætta textílmennt, útikennslu og heimilisfræði og er ein 60 mínútna kennslustund á viku.

Kennd eru vinnubrögð sem nemendur hafa svigrúm til að útfæra sjálfir innan vissra marka, með vinnusemi og sjálfstæði að leiðarljósi. Lögð verða inn ákveðin verkefni sem nemendur hafa svigrúm til að útfæra sjálfir innan vissra marka. Einnig eru bóklegir tímar þar sem unnar eru verklegaræfingar og/eða bóklegaræfingar.

Námsefnið:

Lagt verður upp úr því að nemendur velji sér verkefni eftir því hvað er verið að vinna að hverju sinni.

Uppskriftir á blöðum, Gott og gagnlegt (heimilisfræðiverkefni), ýmsar hugmyndir af netinu sem og frá nemendum í tengslum við nýtingu náttúrunnar.

Námsmat:

Nemendur fá einkunn fyrir frumleika, sköpun, afurð, samvinnu, vinnubrögð og vinnusemi

Umsagnir á annarskilum.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Handverksaðferðir og tækni	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar. • sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. • læri að meta hvað þarf til að vinna verkin. • Læri að beita áhöldum og réttum vinnubrögðum við vinnuna.
Sköpun, hönnun og útfærsla	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • hannað og útfæri verkefni sín sjálfir, að hluta eða öllu leyti. • lært að bjarga sér úti í náttúrunni. • notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textílverka. • nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um verkefni.

	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði og sjálfstæði.
Menning og umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> • Gert grein fyrir helstu efnisnýtingu í náttúrunni. • Fjallað og unnið með íslenskt náttúrulegt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni. • Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi. • læri að bjarga sér í náttúrunni. • Hugsi um hönnun á umhverfi. • Taki tillit til umhverfisins.

Námsgrein: List og verkgreinar - Smíðar

Bekkur: 5. – 7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Markmið námsins er meðal annars að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfu einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni.

Nemendur koma í smíðar einu sinni í viku allan veturinn, 60 mín. í senn.

Námsmat:

Vinnubrögð og natni metin af kennara og hvernig gengur að fara eftir fyrirmælum. Hvert verkefni sem kennari leggur fyrir er metið sérstaklega og vinnuferli þess. Nemendum er gefin umsögn í lok hvernar annar.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Handverk	Nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> • Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki. •

Hönnun og tækni	Nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> • Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu. • Lesið einfalda teikningu og unnið eftir henni.
umhverfi	Nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> • Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með. • Gert sér grein fyrir hvort efni eru hættuleg eða ekki. • Útskýrt réttar vinnustellingar og vali viðeigandi hlífðarbúnað.

Námsgrein: Íþróttir

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Markviss hreyfipjálfun sem felst í að efla líkamlega þætti eins og þol til að takast á við langtíma álag, líkamsstyrk og jafnvægi til að takast á við hámarksátök og kyrrstöðuálag, liðleika sem tekur til hreyfanleika og hreyfivíddar í liðamótum.

Grunnpjálfun sem þessi felst í fjölbreyttum leikjum með og án bolta. Vinna sem einstaklingar, pör og hópur. Stöðvapjálfun og hópavinna einnig algengt kennsluform. Farið verður vel yfir þær íþróttagreinar sem hægt er að stunda á svæðinu og mun hver grein vera þema í 1 – 2 vikur í senn.

Námsefni:

Útiíþróttir(eins og veður leyfir): Gönguferðir, leikir með og án bolta og hreyfiprautir.

Inniíþróttir: Áhöld sem þarf fyrir það viðfangsefni sem tekið er fyrir hverju sinni.

Námsmat:

Felst í umsögnum á annarskilum um áhuga, virkni í tímum, framförum, hegðun nemenda.

Kennari framkvæmir stöðumat til að fylgjast með stöðu nemenda auk þess að geta fylgst með hvort framfarir eigi sér stað.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Hreyfipjálfun sem felst í leikjum með og án bolta, færni, þol og styrkur. Stöðvapjálfun.	<p>Markmiðið er að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • öðlist jákvæða reynslu til hreyfingar og hollra lífshátta. • geti gert æfingar sem reyna á þol, styrk, jafnvægi og liðleika. • geti framkvæmt æfingar sem reyna á snerpu, lipurð og samhæfingu útlíma og bols. • geti sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum. • geti tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta líkamsástand. • upplifi ánægju af eigin framförum. • sé meðvitaður um mikilvægi hreyfingar

Námsgrein: Sund

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennsla fer fram í sundlauginni á Laugum einu sinni í viku. Áhersla lögð á helstu sundaðferðir, marvaða, stungur ásamt leikjum.

Námsefni:

5.sundstig.

6.sundstig.

7.sundstig

Námsmat:

Verklegt próf samkvæmt sundstigi undir lok vors. Kennari gefur nemanda vitnisburð sem inniheldur sundgetu á prófi og einnig um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
<p>5.bekkur: Bringusund, skólabaksund, skriðsund, baksund, stunga, kafsund, marvaði og flugsundsfótatök. Leikur í vatni.</p> <p>6.-7.bekkur. Bringusund, skólabaksund, skriðsund, baksund, kafsund, flugsund og björgunarsund með jafningja. Stunga og leikur í vatni.</p>	<p>Markmiðið er að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum. • að nemandur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt. • þreyti sundpróf til að veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs. • geti synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka. • geri sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og geti tekið ákvarðanir á þeim grunni. • Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.

Námsgrein: Tónlist

Bekkur: 5. – 7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kenndar eru 2 sinnum 40 mín. á viku í tónmennt og er hópnum fjórskipt þar sem einn hluti hópsins er í marimbakennslu annan tímann á meðan hinir eru í hefðbundinni tónmennt, en stundum er allur hópurinn saman í verkefnum.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Marimba/Djembé	Að nemandur kynnist afrískri tónlistarmenningu og þjálfist í leik á Marimba og djembé.	Í tónlist er fyrst og fremst lagt mat á áhuga og virkni nemenda.
Tónmennt	Mikið verður unnið með taktskyn og hrynn, hljóma og laglínur m.a. með leik á einföld skólahljóðfæri og einnig hefðbundin hljóðfæri. Skyggst verður inn í tónlistarsögu liðinna alda en ekki síður í sögu dæгурtónlistar á 20. öldinni og þekkt tónskáld og tónlistarmenn kynntir til sögunnar. Jafnframt verður sköpunargáfa nemenda sjálfra virkjuð í tónsmíðum.	